



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um upplýsingagjöf til foreldra varðandi framtíð skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi**

Á fundi borgarráðs 20. janúar 2022 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Fram kemur í svari við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um sviðsmyndir um framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi að haldinn var kynningarfundur með skólaráðum skólanna, foreldrafélögum og fleirum hagsmunaaðilum hinn 1. desember 2021. Fundur var rafrænn og segir í svari að í framhaldi af fundinum var aðilum boðið að senda inn umsagnir um tillögur skýrslunnar. Skilafrestur á umsögnum er 1. febrúar 2022. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort þessar upplýsingar hafi örugglega borist til allra foreldra og annarra sem málið varðar.*

#### **Svar:**

Í kjölfar vinnu starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs í Laugardal var skýrsla hópsins send til foreldrafélaga Laugarnesskóla, Laugarlækjarskóla og Langholtsskóla. Einnig var skýrslan send til umsagnar skólaráða sömu skóla, íbúaráðs og ungmennaráðs hverfisins.

Einnig munu starfsmenn skóla- og frístundastarfs í hverfinu skila umsögnum um tillögur skýrslunnar. Aðilar hafa tíma til 15. febrúar 2022 til að skila umsögnum um tillögurnar, skilafrestur var framlengdur frá 1. febrúar til 15. febrúar 2022.

Í byrjun mars verða sérstakar vinnusmiðjur með börnum og unglingum þar sem þeim er gefinn kostur á að ræða hugmyndir um skóla- og frístundastarf til framtíðar í hverfinu.